

Byggingafulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 25. október 2018
UST201810-142/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag fyrir frístundabyggð að Syðri-Brú í Grímsnes- og Grafningshreppi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingafulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps er barst 15. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í Sólbrekku, Syðri-Brú í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í greinargerð kemur fram að um er að ræða deiliskipulag fyrir frístundasvæðið Sólbrekku í landi Syðri-Brúar í Grímsnes og Grafningshreppi, alls um 35 ha að stærð. Markmiðið með deiliskipulaginu er að afmarka lóðir, ákveða byggingarmagn og byggingareiti fyrir 30 lóðir. Innan hversrar lóðar er heimilt að byggja allt að þrjú hús; sumarhús, gestahús og geymslu/smáhýsi.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999. Stofnunin bendir á að mikilvægt er að það komi fram í greinargerð hver núverandi staða fráveitu er á svæðinu og það komi fram á skipulagsupprætti hver er staðsetning núverandi rotþróa. Auk þess er mikilvægt að áætla staðsetningu fyrirhugaðra rotþróa á skipulagsupprætti.

Umhverfisáhrif

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram hver hverjar séu umhverfislegar forsendur og staðhættir og hver umhverfisáhrif tillögunar verða.

Fjarlægð frá Brúará

Stofnunin bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr.5.3.2.14., skipulag við vötn ár og sjó. „Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“ Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé nægt rými fyrir meðfram Brúará, svo að útivistargildi skerðist ekki.


Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fyrirhuguð gönguleið sé skilgreind meðfram Brúará á skipulagsupprætti.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að staðsetning núverandi og fyrirhugaðra byggingareita verði eins og kostur er skemur en 50 metra frá Brúará.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllt



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur